

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnslína í jörð frá Kvíslarhóli til Mánár í Tjörneshreppi.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2020/3



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

Forsíðumynd: Túngarður og fjárhús í Hringveri í Tjörneshreppi.



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2020/3

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁ.....	4
SAMANTEKT.....	22
HEIMILDASKRÁ.....	23

1. Inngangur

Skýrslu höfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningu lágspennu, háspennu og spennustöðva sumarið 2020. Umrætt skráningarsvæði var frá Kvíslarhóli í suðri að Máná í norðri í Tjörneshreppi. Skráningin fór eftir uppmælingar gögnum sem Rarik útvegaði. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram um miðjan og seinni hluta maí 2020.

Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmönnum og landeigendum fyrir upplýsingar um fornleifar og staðarhætti og leyfi til þess að ganga um landið. Þar sem þegar var til eldri fornleifaskráning fyrir Tjörneshrepp frá 2000 þá var hún notuð til hliðsjónar við verkið.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2144.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.⁷

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 1996 til 2016/2019 á map.is, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga, niðurhalsgögn frá Landmælingum Ísland, túnakort frá upphafi 20. aldar ásamt fornleifaskráningu frá 2000 sem var gerð af Fornleifastofnun Íslands. Í þeirri skýrslu var farið ítarlega í gegnum ritheimildir og einnig var farið á vettvang og fornleifar skráðar og staðsettar með GPS hnitum. Hins vegar þar sem yfir 20 ár liðin síðan sú skráning var gerð þá hafa ýmsar breytingar átt sér stað innan jarðanna í hreppnum, einnig voru GPS hnitin með töluvert meiri skekkjumörk þá heldur en er í dag.

Þar sem þegar var búið að fara ítarlega í gegnum ritheimildir þá var einungis reynt að finna út hvaða skráðar menningarminjar væru um eða innan 15 m friðhelgunarsvæði fornleifa og kanna hvort einhverjar fleiri fyndust við vettvangsskráningu eða í samtölum við heimamenn. Jafnframt voru loftmyndir notaðar til þess að finna menningarminjar og í nokkrum tilvikum voru garðlög einungis teiknuð eftir loftmyndum.

Farið var í vettvangsskráningu fyrst um miðjan maí og svo aftur í seinni hluta maí þar sem ekki var hægt fyrr en þá að skoða ákveðinn svæði vegna snjóalaga. Í vettvangsskráningunni kom fljótt í ljós að ýmsar breytingar höfðu átt sér stað á þeim rúmlega 20 árum sem fornleifaskráningin hafði átt sér stað til að mynda búið að rækta meiri tún, rífa hús og svo framvegis.

Þar sem minjastaðir fundust þá voru þeir hnitsettir (ÍSN93), upplýsingar skráðar um þá, þeir ljósmyndaðir og minjastaður mældur upp með trimble stöð. Kortin voru svo unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd undir frá Loftmyndum ehf. frá 2016/2019. Þrátt fyrir að hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

⁷ Heimasíða Minjastofnunnar.

4. Fornleifaskrá

Kvíslarhóll:

Kvíslarhóll er syðsta jörðin í Tjörneshreppi sem framkvæmdasvæði Rarik nær yfir. Samkvæmt fornleifaskráningunni frá 2000 þá voru hvorki sýnilegar né heimildir um fornleifar nærri umræddu svæði. Það sást þó greinilega á loftmynd frá 2016 nokkur konar veggur þar sem framkvæmdasvæðið byrjar á Kvíslarhóli. Veggur þessi var ekki sýnilegur á eldri loftmyndum. Samkvæmt eiganda Kvíslarhóls þá raðaði hann upp heyrúllum fyrir nokkrum árum í nokkurs konar skjólvegg sem síðan hefur gróið upp með árunum.⁸

Syðri-Tunga og Steindalur:

Steindalur var byggt úr Syðri-Tungu á árunum 1958-1960 og er ¼ Syðritungulands.⁹ Í þessari skýrslu er fjallað um þessar tvær jarðir sem eina því flestar heimildir sem fjalla á einn eða annan hátt um menningarminjar á svæðinu eru fyrir þann tíma er Steindalur var stofnaður.

Í fornleifaskráningunni frá 2000 er talað um að gamli bæjarhóllin sé líklega þar sem húsið var reist 1938 og brennt og rífið 1999. Til hafi staðið að reisa sumarhús á bæjarhólnum.¹⁰ Í dag stendur þar sumarhús og samkvæmt heimildarmanni þá var það reist á gamla bæjarhólnum.¹¹

Fornleifanúmer: 2144-1

Hnit: A579136.3 N624513.7 ISN93

Hlutverk: Úthýsi

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakortinu þá ætti að hafa verið úthýsi um 113 m suð-vestur af sumarhúsinu sem stendur á gamla bæjarhólnum. Enginn ummerki eru um það í miðju túni.

Fornleifanúmer: 2144-2

Hnit: A579144.1 N624543.2 ISN93

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Í örnefnalýsingu segir „Í vestur frá bænum er Hesthúshóll”¹² Vestur af bænum var hólarani¹³ sem sást á eldri loftmyndum og er um 100 m vestur af sumarhúsinu á Syðri-Tungu. Í dag er tún þarna og enginn ummerki um tóftir í túninu.

⁸ Aðalsteinn Guðmundsson, Munnleg heimild.

⁹ Helgi, Jóhanna og Erlingur, MCMLXXXVI, bls. 560.

¹⁰ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 152.

¹¹ Árni Sigurðsson, munnleg heimild.

¹² Syðri-Tunga og Tungugerði, bls. 1.

¹³ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 155.

Tungugerði:

Í fornleifaskráningunni frá 2000 er minnst á jörðina Tungugerði sem var forn hjáleiga frá Syðri-Tungu og síðar 1/3 af landi þeirrar jarðar en hefur verið í eyði síðan 1960.¹⁴ Engar fornleifar eða heimildir um fornleifar fundust nærri rafmagnslínunni í Tungugerði.

Hringver:

Fornleifanúmer: 2144-3

Hnit: A579157.5 N625841.9 ISN93



Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðhleðsla

Suður af heimreiðinni í Hringveri er túngarður sem liggur suður frá heimreiðinni í um 130 m og beygir svo í vestur um 90 m og loks sveigir hann norður-vestur um 116 m. Garðurinn er misþykkur 1-1,4 m og mishár 0,6-1 m.

Mynd 1. Túngarðurinn á Hringveri horft í austur.

Fornleifanúmer: 2144-4

Hnit: A579168.2N625957.9 ISN93

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Sunnan við heimreiðina þar sem túngarðurinn byrjar er Hornhús fjárhús tóft. Tóftin er sambyggð túngarðinum sem einnig myndar austurvegg hennar.¹⁵ Hornhús er í kringum 120 m suð-austur frá íbúðarhúsinu á Hringveri. Tóftin er um 30 m á lengd og um 8,5 á breidd og er þrískipt. Útgangur er á vestur hlið nyrsta hólfsins og er svo inngangur yfir í mið hólfið en ekki fannst inngangur í syðsta og minnsta hólfið. Hæð veggja var allt frá 1,10-1,40 m og breidd þeirra um 1 m.

¹⁴ Helgi, Jóhanna og Erlingur, MCMLXXXVI, bls. 560.

¹⁵ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 140.



Mynd 2. Hornhús, fjárhústóft horft í norður.

Fornleifanúmer: 2144-5

Hnit: A579127.5 N626009.4 ISN93



Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðhleðsla

Um 30 m vestur af fjárhúsunum er svo annar túngarður fyrst koma tveir partar um 8 m og 8,5 m langir, síðan norðan við heimreiðina er þriðji parturinn um 17 m langur og liggur að bæjarlæknum. Norðan við bæjarlækinn liggur svo túngarðurinn í smá sveigju í um 65 m norður og beygir svo í vestur, var það ekki mælt þar sem hann er kominn svo langt frá framkvæmdasvæðinu. Hæð garðsins var frá 0,6-1 m.

Mynd 3. Horft í norður, tóft af hesthúsi sést í norður.

Fornleifanúmer: 2144-6

Hnit: A579122.1 N626023.4 ISN93

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Við norðurjaðar túnsins er hesthústóft og myndar túngarðurinn austurhlið tóftarinnar. Bæjarlækurinn rennur svo þétt upp við tóftina að sunnanverðu.¹⁶ Stærð tóftarinnar er um 10,5 á lengd og 9,5 m á breidd. Hæð veggja er allt frá 70-140 m.



Mynd 4. Hesthústóft, horft í norð-vestur.

Fornleifanúmer: 2144-7

Hnit: A579061.1 N626018.7 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Tóft

Íbúðarhúsið í Hringveri sem stendur í dag var byggt á gamla bæjarhólum árið 1922.¹⁷ Fast við íbúðarhúsið fyrir norðan og austan eru tóftarleifar. Ekki reyndist auðvelt verk að mæla upp rústirnar þar sem þökin hafa hrunið og ekki er hægt að sjá almennilega lögun þeirra fyrir rusli. Það var aðeins rúst í austur endanum sem var mjög greinileg og voru veggjahleðslurnar þar 1-1,3 m háar. Þegar horft var yfir svæðið þá virtust þetta vera þrjár byggingar og svo hár hóll austan við húsið fast við rústirnar. Ekki var þó hægt að greina neitt byggingarlag í honum en er án efa af mannavöldum.

¹⁶ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 141.

¹⁷ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 139.



Mynd 5. Bæjarhóllinn, mynd tekinn í norð-vestur.

Fornleifanúmer: 2144-8

Hnit: A579178.7 N626074.6 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Í kringum 112 m norð-austur af bæjarhólnum var tóft. Virðist hún skiptast í tvö hólf og var svo hóll fast vestan við hana. Breidd tóftarinnar var um 9,5 m og lengd 6,5 m hleðsluhæð var 0,2-0,6 m. Hóllinn vestan við hana var 4X8 m og hæð hans var 0,1-0,6 m.



Mynd 6. Tóft, íbúðarhúsið á Hringveri sést skammt frá, myndin er tekinn í suð-vestur.

Fornleifanúmer: 2144-9

Hnit: A579020.3 N625620.6 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá segir "Upp frá Flekatá liggur laut, sem heitir Langalaut, en beggja megin lautarinar heita Hryggir; austan við syðri hrygginn er Gatnalaut og liggur suður í Rekárgilið. Þar voru áður reiðgötur."¹⁸ Gatnalaut eru horfinn undir þjóðveg¹⁹ ekki sáust nein ummerki á staðnum.

Ytri-Tunga:

Fornleifanúmer: 2144-10

Hnit: A579706.4 N626762.8 ISN93

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Í örnefnalýsingu segir: "Þar sem þjóðvegurinn liggur frá túni yfir Skeifárgil, heitir Sveigur, sem skiptist á vegastæðinu í Efrisveg og Neðrisveg. Þar sá fyrir miklum fjölda svarðargrafa (mógrafa), áður en jarðrask hófst."²⁰ Mógrafnir hurfu þegar vegurinn var lagður²¹ ekki sést neitt til þeirra í dag.

Fornleifanúmer: 2144-11

Hnit: A578672.8 N628552.3 ISN93

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Ytri-Tunga og Tunguvalla segir: "Við [Hallbjarnarstaðaá] voru fyrrum fjárhús, sjóbúð og íshús. Síðan byggt hesthús úr veggjum þeirra yfir hest, sem landsjóður átti og notaður var til aðdrátta á námuárunum. Leifar þessarar byggingar nefnast Landsjóðstóft. Þarna við ána byggði verzlun Örum og Wulfs fiskisöltunarskúr, síðar eign Stefáns Gudjohnsen, Húsavík. Hann var nefnur Gudjohnsensskúr."²² Öll ummerki um þessar minjar hurfu þegar söltunarahús við Tjörneshöfn var byggt.²³

¹⁸ Hringver, bls. 3.

¹⁹ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 144.

²⁰ Ytri-Tunga og Tunguvellir, bls.4.

²¹ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 128.

²² Ytri-Tunga og Tunguvellir, bls. 9.

²³ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 133.

Hallbjarnarstaðir:

Fornleifanúmer: 2144-12

Hnit: A578953.4 N629228.0ISN93

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðhleðsla

Skammt í suð-austur, um 45 m frá íbúðarhúsinu á Hallbjarnarstöðum 1 eru leifar af garði fast upp við læk. Garðurinn er í tveimur pörtum fyrri parturinn liggur í austur-vestur og beygir svo í suður og er um 12,5 m á lengd. Seinni parturinn er sunnan við girðinguna og liggur norður-suður og er um 3,5 m langur. Garðurinn var um 0,2-0,6 m á hæð breidd í kringum 1 m.



Mynd 7. Leifar af garði milli lækjar og girðingu, myndin er tekinn í vestur.

Fornleifanúmer: 2144-13

Hnit: 578923.7 629269.7ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Gamla bæjarstæðið er þar sem íbúðarhúsið á Hallbjarnarstöðum I stendur nú. Húsið var byggt 1935 og er handgraffinn kjallari undir húsinu.²⁴

²⁴ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 106.

Fornleifanúmer: 2144-14

Hnit: A578920.1 N629298.2 ISN93

Hlutverk: Bænhús

Tegund: Heimild

Í kringum 12 m í norður af íbúðarhúsinu á Hallbjarnarstöðum 1 eða mitt á milli íbúðarhús og útihúsa er hóll. Samkvæmt örnefnaskrá var sagt að þarna hafi staðið bænhús og grafreitir. Voru hólarnir tveir upphaflega en voru sléttaðir og er einungis ein samfeld hæð í dag.²⁵ Samkvæmt heimildarmanni er smá dæld í vestur hluta hólans og heyrði hann að þarna hefði verið talið að hurðin hefði verið.²⁶



Mynd 8. Leifar af bænhúshól mynd er tekinn í norður.

²⁵ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 106.

²⁶ Árni Viðar Kárasón, munnleg heimild.

Fornleifanúmer: 2144-15

Hnit: A578899.2 N629432.8ISN93

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti þá stóð útihús vestur frá bæjarhólnum. Í kringum 160 m norður af bæjarhólnum eða um 80 m norður af núverandi útihúsum, er reykhus á þeim stað sem útihúsið var. Það má sjá veggja leifar í grunninum úr grjóti og einnig steypuleifar. Að vestan eru veggjaleifarnar nákvæmlega þar sem vestur hlið reykhusins eru en að austan eru þær nokkuð frá austur hlið skúrsins. Samkvæmt því þá hefur breidd hússins verið í kringum 4,3 m og er hleðsluhæð er 0,1-0,4 m.



Mynd 9. Reykhús, mynd tekinn í norð-vestur, veggjaleifarnar sjást til austurs.

Fornleifanúmer: 2144-16

Hnit: A578821.0 N629581.3 ISN93



Hlutverk: Landamerkjagarður

Tegund: Garðhleðsla/girðing

Á landamerkjum Hallbjarnarstaða og Ísólfstaða er landamerkjagarður það stendur að vísu girðing í honum núna. Hleðsluhæð er 0,1-0,3 m og lengd garðsins sem er vel sýnileg á loftmynd fyrir vestan þjóðveginn er 878 m.

Mynd 10. Landamerkjagarður milli Hallbjarnarstaða og Ísólfstaða, mynd tekinn í vestur.

Ísólfstaðir:

Fornleifanúmer: 2144-17

Hnit: A578710.2 N 629977.0 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti er heimild um fjárhús um 35 m frá norð-austur á núverandi íbúðarhúsi á Ísólfstöðum. Byggingarnar voru rifnar og staðurinn sléttaður undir tún var jarðýta notuð við verkið.²⁷ Enginn ummerki eru í sléttu túni.

²⁷ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 91.



Hlutverk: Göngugarður

Tegund: Garðhleðsla

Í kringum 250 m norð-austur frá íbúðarhúsinu á Ísólfsstöðum er garður sem liggur yfir mýri. Lengd garðsins er um 300 m, breidd um 2,5 m og hæð 0,2-0,4 m. Miðað við hæð garðsins og breidd þá er líklegt að þetta hafi verið göngugarður yfir mýrina.

Mynd 11. Göngugarður yfir mýri á Ísólfsstöðum, mynd tekinn í vestur.

Hóll:**Fornleifanúmer:** 2144-19**Hnit:** A579147.5 N630770.5 ISN93

Hlutverk: Gerði

Tegund: Garðhleðsla

Í 285 m suð-vestur af íbúðarhúsinu á Hóli er gerði staðsett á smá hæð. Veggjahleðslur eru í vestur, norður og austur en í suður sjást engar hleðslur. Lengd gerðisins er 10 m en breidd í kringum 8 m. Veggjahleðslur voru 0,2-0,6 m á hæð og breidd veggja um 0,7 m.



Mynd 12. Gerði veggir sjást í allar áttir nema til suðurs, mynd tekinn í suð-vestur.

Fornleifanúmer: 2144-20**Hnit:** A579144.6 N630761.2 ISN93

Hlutverk: Gerði

Tegund: Garðhleðsla

Fast við suð-austur hornið á gerðinu var önnur minni tóft í kringum 3 m á lengd og 2,5 m á breidd. Hleðsluhæðin var 0,1-0,3 m og breidd um 0,4 m. Ekki var hægt að greina neinn inngang inn í hana.



Mynd 13. Tóft fast við suður-austur hornið á gerðinu mynd tekinn í suður

Fornleifanúmer: 2144-21

Hnit: A579351.0 N631057.8 ISN93

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá er sagt frá hestúsi sem var rífið 1954 og var staðsett þar sem nú eru útihús. Hugsanlega hafið það verið staðsett vestar þar sem nú er gerði vestan við húsin. Ekki sjást neinar leifar af tóftum.²⁸

Ketilsstaðir:

Fornleifanúmer: 2144-22

Hnit: A580410.8 N631907.4 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Í eldri fornleifaskráningu er talað um að á Ketilsstöðum séu tvö hús og sé eldra húsið reist á hlaðinu framan við gamla bæinn.²⁹ Í dag stendur aðeins eitt íbúðarhús á Ketilsstöðum. Ekki var hægt að sjá nein ummerki um hús, aðeins ósléttan flöt vestan við núverandi íbúðarhús.

Fornleifanúmer: 2144-23

Hnit: A580427.8 N631927.9 ISN93

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti voru fjárhús norðan við Ketilsstaðarlæk um 20 m vestan við fjóshlöðuna. Ekki sáust nein ummerki um þau í hólfi sem var upptætt eftir hesta.

²⁸ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 82.

²⁹ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 66.

Fornleifanúmer: 2144-24

Hnit: A580559.5 N631954.2ISN93

Hlutverk: Sundlaug

Tegund: Tóft

Um 110 m norð-austur af fjóshlöðunni er stífla í læknum sem rennur norðan við túnið. Hér er um að ræða um 24 m garðlag sem liggur í sveig með þann tilgang að stífla lækinn og mynda einhverskonar sundlaug. Hæð garðsins er um 0,3-0,8 m og breidd 0,8 m.



Mynd 14. Garðlag hlaðið í sveig til þess að stífla lækinn og mynda sundlaug, mynd tekinn í norð-vestur.

Sandhólar:

Fornleifanúmer: 2144-26

Hnit: A580868.8 N632976.5ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Gamli bærinn á Sandhólum var þar sem syðri-útihúsin á Sandhólum standa nú og eru leifar af kjallara gamla bæjarins undir vestur gafli fjóssins. Útihúsin samanstanda af fjárhúsum og fjósi sem eru sambyggð um hlöðu.³⁰

³⁰ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 46.

Fornleifanúmer: 2144-27

Hnit: A580880.1 N633005.7 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti af Sandhólum þá var útihús þar sem norð-austur hluti af fjárhúsunum standa í dag.

Fornleifanúmer: 2144-28

Hnit: A580897.4 N632984.3 ISN93

Hlutverk: Bænhús

Tegund: Heimild

Heimild er um bænhús sem stóð austan við hlöðu sem er sambyggð fjárhúsum og fjósi á gamla bæjarstæðinu. Komið var niður á mannabein þegar hlaðan var byggð og austan hennar. Lengi vel stóð skemma á sama stað og bænhúsið.³¹

Breiðavík:

Fornleifanúmer: 2144-29

Hnit: A582969.9 N633196.5 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Í Breiðavík voru tvö íbúðarhús og stóð það eldra og nyðra á gamla bæjarhólnum.³² Búið var að rífa eldra húsið og var svæðið notað sem plan fyrir bíla og vinnuvélar og því ekki hægt að skoða svæðið almenilega. Það var þó að sögn heimildarmanns einhverjar hleðslu leifar af eldri mannvirkjum á staðnum.³³

Fornleifanúmer: 2144-30

Hnit: A582983.0 N633156.6 ISN93

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild

Á túnakortinu er kálgarður og ætti hann að vera staðsettur um 4 m suður af núverandi íbúðarhúsi í Breiðuvík. Ekki sést til fornleifa á sléttri lóð.

³¹ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 47.

³² Oddgeir og Orri, 2000, bls. 41.

³³ Smári Kárasón, munnleg heimild.

Voladalur:

Fornleifanúmer: 2144-31

Hnit: A584596.2 N634588.0 ISN93

Hlutverk: Lambhús

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var lambhús um 30 m suður af íbúðarhúsinu á Voladal. Ekki sést til fornleifa en þar er nú ójafn grasi vaxinn blettur. Ekki sást neinar hleðslu leifar en greinilega hafði verið hent úrgangi þarna en leifar af járn og öðrum úrgangi var á staðnum. Myndi álíta að einhver niðurgröftur eða tóftarleifar hafi verið þarna sem hafi síðan verið fyllt upp í með úrgangi.

.



Mynd 15. Ójafn grasi vaxinn blettur sem mikið af úrgangi fannst í.

Fornleifanúmer: 2144-32

Hnit: A584597.8 N634568.9 ISN93

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Skammt sunnan við lambhúsið var hesthús eða um 9 m sunnar og stóð það á sama ósléttu blettinum og lambhúsið. Ekki sést neitt til fornleifanna.

Fornleifanúmer: 2144-33

Hnit: A583604.9 N635413.2 ISN93

Hlutverk: Garðhleðsla

Tegund: Garður

Samkvæmt örnefnalýsingu er garður á torfunum og fremst á þeim er viti. Þegar ekið er eftir veginum sem liggur í gegnum Sandvík er komið fljótlega að eystri enda garðlagsins. Liggur það yfir Valadalstorfu í há-vestur frá Sandvík fram á sjávarbakka í Stapavík sem er fyrir vestan torfuna. Garðlagið er um 1 m á breidd og 1 m á hæð.³⁴ Það var ekki hægt að fara að skoða svæðið þar sem friðar æðarvarp er á staðnum frá 15 apríl – 15 júlí var því garðlagið mælt af loftmynd og var lengd þess í kringum 143 m.

³⁴ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 33.



Nafn	KVÍSLARHÓLL - MÁNÁ	Dags.	30.05.2020 hj	Skýringar:
	TJÖRNESHREPPUR	Mællkv.	1:32000 í A3	
				Fornleifar og heimildir um fornleifar á og nærri framkvæmdasvæði Rarik í Tjörneshreppi.
				BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is Unnið eftir mynd nr. f579/f589/f599 f680/f690/gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2016/19

5. Samantekt

Á þeim tveimur áratugum sem eru liðnir síðan fornleifaskráning var gerð í hreppnum þá er það nokkuð ljóst að ýmsar breytingar hafa átt sér stað á svæðinu. Tún hafa verið ræktuð, hús rifinn ásamt ýmsum öðrum endurbótum eins og eiga sér stað á landbúnaðarsvæðum.

Af lestri eldri fornleifaskráningu þá kom það í ljós að mikill fjöldi af menningarminjum hafa verið skráðar í hreppnum bæði sem voru sýnilegar á vettvangi og sem heimildir voru til um. Þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir fólu í sér að yrði að fara inn á öll bæjarstæði þá voru ansi miklar líkur á að mikill fjöldi að fornleifum væri í eða nærri legu rafmagnslínunnar. Það er þó ansi stór hluti af þeim eru aðeins til heimildir um og þrátt fyrir að reynt sé að staðsetja þær eftir bestu getu þá getur samt sú staðsetning stundum verið nokkuð frá þeim stöðum þar sem mannvirkin voru. Einnig í sumum tilvikum þá hafa fornleifarnar verið raskaðar eða fjarlægðar af fullu eins og við túnaræktun. Þar sem fornleifaskráning tekur aðeins á minjum sem sjást á yfirborði eða heimildum af þeim þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að fleiri minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 2. júní 2020.
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Helgi Jónasson, Jóhanna Á. Steingrímsdóttir og Erlingur Arnþórsson (ritnefnd). (MCMLXXXVI). Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985. Húsavík: Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Oddgeir Hansson og Orri Vésteinsson.(2000). Fornleifaskráning á Tjörnesi. Fornleifastofnun Íslands.

Heimildarmenn:

Aðalheiður Gunnarsdóttir, 1932, Voladalur.

Aðalsteinn Guðmundsson, 1955, Kvíslarhóli.

Árni Sigurðsson, 1934, Syðri-Tunga.

Árni Viðar Kárason, 1973, Hallbjarnarstöðum 1.

Eyþór Hemmert Björnsson, 1987, Hóll

Halldór Sigurðsson, 1951, Syðri-Sandhólar.

Smári Kárason, 1951 Breiðavík.

Steinþór Heiðarsson, 1974, Ytri-Tunga 1A.

Sveinn Egilsson, 1952, Sandhólar.

Túnakort:

Breiðavík í Tjörneshreppi í S-Þingeyjarsýslu.

Hallbjarnarstaðir í Tjörneshreppi í S-Þingeyjarsýslu.

Hringver í Tjörneshreppi í S-Þingeyjarsýslu.

Hóll í Tjörneshreppi í S-Þingeyjarsýslu.

Ísólfstaðir í Tjörneshreppi í S-Þingeyjarsýslu.

Ketilsstaðir í Tjörneshreppi í S-Þingeyjarsýslu.

Kvíslarhóll í Tjörneshreppi í S-Þingeyjarsýslu.

Mána í Tjörneshreppi í S-Þingeyjarsýslu.

Mýrarkot í Tjörneshreppi í S-Þingeyjarsýslu.

Sandhólar í Tjörneshreppi í S-Þingeyjarsýslu.

Syðri-Tunga í Tjörneshreppi í S-Þingeyjarsýslu.

Tungugerði í Tjörneshreppi í S-Þingeyjarsýslu.

Valadalur í Tjörneshreppi í S-Þingeyjarsýslu.

Ytri-Tunga í Tjörneshreppi í S-Þingeyjarsýslu.

Örnefnaskrár:

Hringver. Tjörneshreppur, Suður-Þingeyjarsýsla. Kristín Geirsdóttir skráði. Hringver 1. Samlesið J.H. Örnefnastofnun.

Syðri-Tunga og Tungugerði. Tjörneshreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Margeir Jónsson skráði. Syðri-Tunga og Tungugerði 1. Samlesið J.H. Örnefnastofnun.

Ytri-Tunga og Tunguvellir. Tjörneshreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Jóhannes Björnsson skráði. Ytri-Tunga og Tunguvellir 1. Samlesið J.H. Örnefnastofnun.